



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr.155 **Málsnr 1801006** var haldinn í gegnum fjarfundabúnað að Klausturvegi 10 , Kirkjubæjarklaustri, mánudaginn 23.mars. 2020 klukkan 15:00.

Mætt eru: Jón Hrafn Karlsson formaður, Bjarki Guðnason, Bergur Guðnason (varmaður Gústafs B. Pálsson sem boðaði forföll), Kristbjörg Hilmarsdóttir og Rúnar Þorri Guðnason. Jafnframt Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritar fundargerð.

1. 1810003 – Hátún, skipulags- og matslysing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslysing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá Fiskistofu, Heilbrigðisefstirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun auk athugasemda frá skipulagsnefnd Skaftárhrepps.

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lýsinguna og leita frekari umsagna “

2. 1908007 - Hrifunes, skipulags- og matslysing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslysing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá slökkviliði Skaftárhrepps, Umhverfisstofnun, Heilbrigðisefstirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktinni, Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands. Ekki hefur borist umsögn frá Ferðamálastofu.

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lýsinguna “

3. 2003006 – Hemruhlíð, ósk um breytingu á aðalskipulagi.

Birkir Einarsson FÍLA f.h.Hemruhlíðar ehf. kt. 700501-2050 sækir um breytingu á aðalskipulagi skv meðf. gögnum. Deiliskipulag verði unnið samhliða.

„Skipulagsnefnd tekur jákvætt í deiliskipulagsáformin og fellst á að aðalskipulagsbreytingin verði unnin samhliða endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032. “

4. 1903004 – Hæðargarður, deiliskipulag þjónustumiðstöðvar til auglýsingar.

Andri Klausen arkitekt hjá ASK arkitektum f.h. Fasteignafélagsins Skerjavalla ehf. kt. 541015-3290 sækir um leyfi fyrir deiliskipulagi á þjónustulóð að Hæðargarði skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa deiliskipulagið eftir að umsækjandi hefur ráðfært sig við Vegagerðina varðandi fjarlægðir milli af- og fráreina af þjóðvegi 1 og Meðallandsvegi.“

 
Jón Hrafn Karlsson
Bjarki Guðnason

5. 1904001 - Endurskoðun aðalskipulags, fundargerð 6.fundar til kynningar.

Fundargerð 6.fundar vinnuhóps vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032 liggur fyrir fundinum til kynningar.

6. 2003007 – Melhóll 2, L163406 - Umsókn um stofnun lóðar.

Marvin Ívarsson fh. Ríkiseigna kt. 690981-0259 óskar eftir að stofnuð verði lóð utanum borholu og dæluhús fyrir vatnsveitu bæja í Meðallandi.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að aðgengi sé tryggt í samráði við ábuanda og Vegagerðina.“

7. 2003008 - Bakkakot 2, L163303 - Umsókn um stofnun lóðar.

Marvin Ívarsson fh. Ríkiseigna kt. 690981-0259 óskar eftir að stofnuð verði lóð undir bæjarstæði Guðrúnar Gísladóttur og Sigurgeirs Jóhannssonar, heitins. Upprunalegt bæjarstæði jarðarinnar, sem er bæjarstæði Guðrúnar Jóhannsdóttur, mun áfram tilheyra jörðinni Bakkakot 2, en tvíbýlt hefur verið á jörðinni.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að aðgengi sé tryggt í samráði við ábuanda og Vegagerðina.“

Kristbjörg Hilmarsdóttir og Ólafur E Júlíusson lýsa sig vænhæfi í næsta dagskrárið og víkja af fundi.

8. 1912008 – Norðurhjáleiga, L163414 - Umsókn um stofnun lóðar.

Reynir Þór Garðarsson fh. dB Arndísar Salvarsdóttur kt. 140529-4359 óskar eftir að stofnuð verði lóð utanum íbúðarhús dánabúsins skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“


Kristbjörg Hilmarsdóttir og Ólafur E Júlíusson koma aftur til fundarins.

9. 1603039/1709017/1709018 – Orustustaðir – Staða mála til kynningar.

10. 1912005 – Zephyr Iceland ehf. og vindorkunýting.

Ingibjörg Eiríksdóttir fh. Eldvatna, spyrst fyrir um hvort nefndinni sé kunnugt um þá stöðu, sem og þá staðreynd að rannsóknarleyfi þarf að vera til staðar, sé ætlunin að leggja stund á rannsóknir af því tagi sem um ræðir.

Samhliða þessu ítreka Eldvötn fram komna ósk sína eftir upplýsingum um það, hver stefna sveitarfélagsins varðandi vindorkunýtingu er, sem og hvort svæði skuli tekin frá til vindorkuvinnslu annars vegar og svo hins vegar hvort svæði sem ekki skuli nýta til slíks verði skilgreind.



„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afla tilskylinna gagna frá Zephyr Iceland ehf. og grenndarkynna vindrannsóknir fyrirtækisins, áður en stöðuleyfisumsókn fyrir rannsóknarmastri með tilheyrandi búnaði verður tekin fyrir til afgreiðslu.

Skipulagsnefnd vísar frekari vinnu um stefnu sveitarfélagsins varðandi vindorkunýtingu, sem og hvort svæði skuli tekin frá til vindorkuvinnslu, til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.“

11. Önnur mál

Flaga 2, aðkoma - Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti stöðu mála.

Fleirra ekki gert, fundi slitið kl. 17.15

Rúntorri Audnason
Bartl. V. E. Fruson
Lindur Kostersen